

# Lög

**um breyting á lögum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir,  
nr. 46 13. maí 2005 (EES-reglur, innleiðing).**

---

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Orðin „Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins“, „Þróunarbanks Mið-Ameríkuríkja“ og „Fjárfestingarlánastofnun Ameríkuríkja“ í 2. tölul. falla brott.
- b. Í stað orðanna „og Fjárfestingarbanki Evrópu“ í 2. tölul. kemur: Fjárfestingarbanki Evrópu, Fjölpjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin, Alþjóðlegi ónæmisaðgerðasjóðurinn, Íslamski þróunarbanksinn og Þróunarbanks Evrópuráðsins.
- c. B-d-liður 3. tölul. orðast svo:
  - b. vátryggingafélög og líftryggingafélög, sbr. lög nr. 56/2010, um vátryggingastarfsemi,
  - c. verðbréfasjóðir, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði,
  - d. lánastofnun, fjármálafyrirtæki, fyrirtæki tengd fjármálasviði, vátryggingafélög, líftryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög verðbréfasjóða sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. tölul. orðast svo: *Fjármálagerningur*: Hlutabréf í félögum og önnur verðbréf, sem jafngilda hlutabréfum í félögum, og skuldabréf og skuldagerningar í öðru formi, ef unnt er að versla með þau á fjármagnsmarkaði, og önnur verðbréf, sem venja er að höndla með og veita rétt til kaupa á slíkum hlutabréfum, skuldabréfum eða öðrum verðbréfum, með áskrift, kaupum eða skiptum, eða bréf sem eru gerð upp í reiðufé (að undanskildum greiðsluskjölum), þ.m.t. hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, peningamarkaðsgerningar og kröfur í tengslum við eða réttindi í eða viðkomandi einhverju af framangreindu, að undanskildum eigin hlutabréfum tryggingarveitanda, hlutabréfum hans í móðurfélagi eða dótturfélagi og óskráðum hlutabréfum hans í félögum sem eingöngu er ætlað að eiga fasteignir.

- b. Á eftir 2. tölul. koma tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
  - 3. *Lítið fyrirtæki*: Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og árlega veltu og/eða efnahagsreikning undir 1,5 milljörðum kr., sbr. leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð við örfyrtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki.
  - 4. *Neytandi*: Einstaklingur sem á lánaviðskipti enda séu þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu.
  - c. 6. og 7. tölul., sem verða 8. og 9. tölul., orðast svo:
    - 8. *Samningur um framsal eignarréttinda yfir fjárhagslegri tryggingu*: Samningur, þ.m.t. endurhverf verðbréfamarkaðsviðskipti, um að eigandi fjárhagslegrar tryggingar fram-selji öll eignarréttindi sín, eða rétt til að eignast trygginguna, til framsalshafa til tryggingar á efndum á fjárhagslegum skuldbindingum.
    - 9. *Samningur um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu*: Samningur um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu þar sem veðþoli veitir veðhafa veðréttindi til tryggingar á efndum á fjárhagslegum skuldbindingum án þess að framselja hinn beina eða full-gilda eignarrétt eða rétt til að eignast fjárhagslegu trygginguna.
  - d. Á eftir 8. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: *Skuldakrafa*: Fjárhagsleg krafa sem hefur orðið til á grundvelli samnings þegar lánastofnun veitir fyrirgreiðslu í formi láns. Lán veitt neytanda, örfyrtæki eða litlu fyrirtæki í skilningi laga þessara falla ekki undir skuldakröfur nema þegar tryggingarhafi eða tryggingarveitandi eru ein þeirra stofnana sem taldar eru upp í 2. tölul. 1. gr.
  - e. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Örfyrtæki*: Fyrirtæki sem er með færri en 10 starfsmenn og árlega veltu og/eða efnahagsreikning undir 300 millj. kr.

### 3. gr.

Í stað orðanna „reiðufé eða fjármálagerningur“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: reiðufé, fjármálagerningur eða skuldakröfur.

### 4. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ákvæðið á ekki við um skuldakröfur.

### 5. gr.

1.–3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

1. verðgildi reiðufjár eða skuldakrafna sé jafnað á móti fjárvkuldbindingum og gert upp,
2. fjármálagerningar eða skuldakröfur séu seldar,
3. tryggingarhafi taki fjármálagerninga eða skuldakröfur til eignar, enda sé samið um að-ferð við verðmat á fjármálagerningunum eða skuldakröfunum í samningnum.

### 6. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010, frá 30. apríl 2010, sem birt var 10. júní 2010 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37, fela lög þessi í sér innleiðingu á tilskipun Evrópupublingsins og ráðsins 2009/44/EB frá 6. maí 2009, um breytingu á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörs-kerfum fyrir verðbréf og tilskipun 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingar-ráðstafanir að því er varðar tengd kerfi og skuldaviðurkenningar.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir sem stofnað er til eftir gildistöku laga þessara.

---

*Samþykkt á Alþingi 30. júní 2015.*